

41

14. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

42

14. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni á yfirstandandi ári fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, enda verði 1 milljón króna af þeirri upphæð notuð til verksmiðjubyggingar á Raufarhöfn.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni á árunum 1939 og 1940 allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. 42
14. maí

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

LÖG

43

19. maí

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir fyrri málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverk-smiðja ríkisins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sönderborg, 19. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.